

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 698/2010 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar.

#### 1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað „ein skoðun á ári greidd að fullu“ í 2. málsl. 2. tölul. greinarinnar kemur: greitt 100% kostnaðar vegna einnar skoðunar á ári.

#### 2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

a. Á eftir orðinu „endajaxla“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: enda hafi Sjúkratryggingar Íslands ekki á síðustu þremur árum tekið þátt í kostnaði við ísetningu tannplanta í sama góm samkvæmt heimild í 2. mgr.

b. Á eftir 3. mgr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Sjúkratryggingar Íslands taka ekki samtímis þátt í kostnaði við ísetningu tannplanta samkvæmt heimildum í 2. og 3. mgr.

#### 3. gr.

13. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað „70%“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 75%.

#### 4. gr.

14. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað „ICD skráningarnúmer, stutt sjúkrasaga, aðgerðaráætlun og áætlaður meðferðartími.“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: stutt sjúkrasaga, aðgerðaráætlun og kostnaður við hana, upplýsingar um hvenær meðferð hefst og áætlaður meðferðartími.

#### 5. gr.

16. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað „sem jafna má til þeirra tilvika sem tilgreind eru í 15. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: þar sem fjórar eða fleiri fullorðinstennur, framan við endajaxla, tapast eða sjúkratryggður verður fyrir öðrum sambærilegum alvarlegum skaða.

#### 6. gr.

17. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað „reikningi tannlæknis.“ í 2. málsl. kemur: gjaldskrá tannlæknis sem send hefur verið Sjúkratryggingum Íslands áður en verk er unnið.

#### 7. gr.

21. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað „2011“ í síðari málsl. greinarinnar kemur: 2012.

#### 8. gr.

22. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Á eftir orðinu „kennitala“ í 1. málsl. kemur: viðkomandi.

#### 9. gr.

27. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað orðanna „15. september 2010 til og með 31. desember 2011“ í 2. mgr. kemur: 1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012.

Nr. 1168

16. desember 2011

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 16. desember 2011.*

**Guðbjartur Hannesson.**

*\_\_\_\_\_*  
*Hrönn Ottósdóttir.*

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2011